

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

#### 1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar umboðsmanns skuldara.

#### 2. gr.

1. mgr. B. liðar 16. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar eða á grundvelli einstaklingsáætlunar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

#### 3. gr.

2. mgr. 17. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 4. gr.

2. mgr. 18. gr. reglnanna fellur brott.

#### 5. gr.

4. mgr. 19. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 6. gr.

3. mgr. 20. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 7. gr.

6. mgr. 21. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 8. gr.

5. mgr. 22. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 9. gr.

4. mgr. 24. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 10. gr.

4. mgr. 25. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

11. gr.

3. mgr. 26. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

12. gr.

4. mgr. 27. gr. reglnanna breytist og orðast svo:  
Gildi umsóknar er þrjú mánuðir frá umsóknardegi.

13. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 26. apríl 2018, að fengnum tillögum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og taka gildi við birtingu.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 8. maí 2018.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. maí 2018